

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 120

24. ágúst 2022

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman miðvikudaginn 24. ágúst 2022 kl. 17:00. Mættir: Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Helgi Haukur Hauksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson (varamaður Ingu Dóru Halldórsdóttir), Steinunn Fjóra Benediktsdóttir (varamaður Sigursteins Sigurðssonar) og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Bjarki Þór Grönfeldt

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykkt

Formaður stjórnar setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerðir fyrir fund 119 og var hún samþykkt samhljóða.

2. Farið yfir sex mánaða uppgjör

Sex mánaða uppgjör er í samræmi við áætlanir en breytingar verða á milli einstaka liða. Aukin útgjöld koma til vegna yfirvinnu kennara (m.a. vegna fleiri valáfanga), almennra launahækkana, og veikinda. Vonir standa til að launakostnaður verði minni á vorönn en haustönn. Þá eru aukin útgjöld vegna skólaþróunarverkefna en fjármagn kemur einnig á móti, t.d. í gegnum styrki frá ráðuneytinu og Borgarbyggð. Þá eru væntingar um styrk frá Borgarbyggð vegna KVIKU sem jafngildi 30-50% starfshlutfalli starfsmanns. Bragi vonast til að framlag frá ráðuneytinu vegna rekstrar skólans hækki á næsta ári. Umræður um fjármál skólans. Allir sammála um stefnuna sem hefur verið tekin fjárfesta í uppbyggingu námsins þó það gangi á fjárhag skólans (til skamms tíma).

3. Skólaþróunarverkefnið Menntun fyrir störf framtíðar Signý Óskarsdóttir kynnir stöðu verkefnis

Lífsnámið er komið af stað. Könnun var gerð meðal nemenda og kennara og ríkti ánægja með skipulagið. Einnig komu nýtsamlegar athugasemdir frá nemendum. Nú er í gangi þróunarhópur sem vinnur að námsefni fyrir STEAM áfangana, þeirri vinnu lýkur í október. Samstarf við háskóla er í gangi og til stendur að meistaranemar komi að verkefninu í gegnum vettvangsnám og mastersritgerðir um verkefnið. Stafræn hönnun og miðlun er þema í áfangalýsingum í hverjum áfanga, þetta kallar á endurmenntun í kennarahópnum. Mikilvægt er að kennarar geti einnig eftir sig í miðlun efnis með stafrænum hætti. Nú fljótlega verður skólasamfélaginu í Borgarbyggð boðið til fundar en hugmyndin er að byggja samfélag í kringum Kvikku með samstarfi við aðra skóla. Ánægjulegt frá því að segja að stofnanir hafa nálgast MB með samstarfi við Kvikku í huga – erum í þeirri stöðu að þurfa að velja og hafna. Umræður um að eftir þessu verkefni hafi verið tekið og verður notað í okkar PR-i á næstunni (og þegar verkefnið fer af stað núna í janúar). Verðum að smita út frá okkur! Þá segir Signý að nú fyrst sé að verða almennur skilningur á verkefninu. Nú



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

verða straumhvörf þegar verkefnið raungerist og allir kennarar og nemendur fara að finna fyrir því á eigin skinni. Bragi segir að þetta verkefni hafi gert það að verkum að nemendur og kennarar séu stoltari af skólanum fyrir vikið.

4. Nemendagarðar – Skólameistari

Lítið hefur breyst síðan á síðasta stjórnarfundum. Beðið eftir því að stjórn nemendagarða og forsvarsfólk Brákarhlíðar hittist. Bragi á þó í samtali við formann stjórnar Brákarhlíðar. Komið minnisblað frá Endurskoðun og ráðgjöf um fjármögnun verkefnisins. Stjórn hvetur Braga til að halda áfram af krafti í að vinna að framgangi þessa máls.

5. Upphaf skóla

Skólameistari fór yfir stöðu mála almennt í upphafi nýs skólaárs, en 169 nemendur eru nú skráðir í nám við Menntaskóla Borgarfjarðar. Nemendum hefur fjölgað, hlutfallslega meira í fjarnámi. Skólameistari kynnti breytingar í starfsmannamálum og starfshlutfalli starfsfólks, fjallaði um almennt daglegt starf MB og fyrirliggjandi verkefni vetrar.

6. Önnur mál

Umræður um mögulegan flutning bókasafnsins eða hluta Safnahúss í MB vegna bókunar byggðaráðs Borgarbyggðar.

Fleira var ekki gert og lauk fundi klukkan 18:37.